

Velferðarnefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2020

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar).

Bandalag háskólamanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar). BHM styður megin efni frumvarpsins og framlengingu á hlutabótaleiðinni.

BHM fagnar því að heimilt verði að miða við annað viðmunartímabil við útreikning á meðaltal heildarlauna en áður hefur verið, þ.e.a.s. að miða við ekki við sl. þrjá mánuði áður en viðkomandi missti starf sitt að hluta. Þannig er komið til móts við þá aðila, launamenn jafnt sem sjálfstætt starfandi, sem eru að koma úr fæðingar – eða foreldraorlofi. Þetta er nauðsynleg breyting sem BHM hefur áður bent á.

Í frumvarpinu er lagt til að Vinnumálastofnun sé heimilt að birta opinberlega lista yfir vinnuveitendur launamanna sem fá greitt samkvæmt ákvæðinu. Við teljum réttara að orðalag verði skýrt og afdráttarlaust á þann veg að VMST skuli birta listann.

Tryggja þarf að breytingin á lögnum nái utan um alla sjálfstætt starfandi einstaklinga, óháð rekstrarformi. Þetta á jafnt við um sjálfstætt starfandi einstaklinga með rekstur á eigin kennitölu jafnt sem þá sjálfstætt starfandi sem eru með sér kennitölu um rekstur sinn (t.d. ehf.). Sjálfstætt starfandi einstaklingar með rekstur á eigin kennitölu hafa ekki getað nýtt sér úrræði ríkisstjórnarinnar um hlutabætur þar sem þeim var gert að fara á venjulegar atvinnuleysisbætur, óháð því hvort viðkomandi gat starfað í skertu starfshlutfalli samhliða bótum eða ekki. Á þessu tvennu getur verið umtalsverður tekjumunur þeim sjálfstætt starfandi með rekstur á eigin kennitölu í óhag.

Að lokum átelur BHM stjórnvöld fyrir að hafa eingöngu haft samráð við Alþýðusamband Íslands við gerð frumvarpsins, en ekki önnur heildarsamtök launafólks.

Virðingarfyllt
f.h. BHM,



Karen Ósk Pétursdóttir
Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum
hjá Bandalagi háskólamanna